

Ár 2015, fimmtudaginn 21. maí kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Háskólafélagi Suðurlands frá 6. maí 2015.

Í bréfinu er boðað á aðalfund Háskólafélags Suðurlands ehf – Þekkingarnets á Suðurlandi sem haldinn var 20. maí.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Orlofsnefnd húsmæðra frá 25. apríl 2015.

Með bréfinu fylgdi skýrsla og ársreikningur orlofsnefndar húsmæðra frá árinu 2014, ásamt reikningi fyrir framlagi Hveragerðisbæjar fyrir árið 2015 kr. 245.586,-

Bæjarráð ítrekar fyrri bókanir sínar vegna þessa máls og lýsir enn og aftur furðu sinni á þeirri tregðu löggjafarvaldsins að afnema lög um húsmæðraorlof sem að flestra mati eru fullkomlega úr takti við nútímann og ekki síður á skjön við gildandi lög um jafnrétti kynjanna.

2. Starfsmanna málefni:

2.1. Starfsmannahald í Frístundaskólanum.

Lagt fram minnisblað frá skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði þar sem hún ræðir um starfsemi í Frístundaskólanum síðasta vetur. Skólastjóri óskar eftir heimild til að ráða uppeldismenntaðan aðila í 100% stöðu við frístundaskólann.

Bæjarráð samþykkir að ráða uppeldismenntaðan aðila í fulla stöðu til að halda utan um daglegt starf Frístundaskólans, starfsmannahald og foreldrasamskipti.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun – Leikskólinn Óskaland.

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun vegna veikinda starfsmanna á Leikskólanum Óskalandi að upphæð kr 2.756.000.-

Bæjarráð samþykkir viðaukann. Upphæðin fari af lið 21-01-9980

óráðstafað vegna veikinda.

3.2. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa – Tjaldsvæði við Reykjamörk.

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 15. maí vegna endurbóta á tjaldsvæðinu við Reykjamörk.

Bæjarráð samþykkir viðauka við viðhald á tjaldsvæðinu 31-40-4620 að fjárhæð kr. 400.000.- Mótbókun verði á 21-01-9990 til síðari ráðstöfunar.

Jafnframt samþykkir bæjarráð að fara í endurbætur á rafmagni á tjaldsvæðinu að fjárhæð kr 1.680.000.- sem fari á fjárfestingu og mótbókun verði á tekjur vegna gatnagerðargjalda. Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ræða við fyrrverandi rekstraraðila um kaup á stóru tjaldi, borðum og bekkjum.

3.3. Minnisblað frá skrifstofustjóra – Símkkerfi á bæjarskrifstofum.

Lagt fram minnisblað frá skrifstofustjóra frá 13. maí vegna símkkerfis á bæjarskrifstofum og símaþjónustu við bæjarfélagið.

Bæjarráð samþykkir að taka símkkerfi á leigu hjá Símanum og jafnframt að símaþjónusta bæjarfélagsins fari til Símans.

3.4. Minnisblað frá umhverfisfulltrúa – Malbikunarframkvæmdir í Hveragerði 2015.

Lagt fram minnisblað frá umhverfisfulltrúa frá 19. maí vegna verðtilboða í malbikunarframkvæmdir í Hveragerði sumarið 2014.

Bæjarráð samþykkir tillögu umhverfisfulltrúa að taka tilboði frá Malbik og völtun enda telur hann það hagkvæmast þar sem þeir bjóða upp á þykkara slitlag.

4. Verkfundagerðir:

4.1. Sundlaugarhús Laugaskarði, viðhald utanhúss frá 18. maí 2015.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. Fundargerðir til kynningar:

5.1. Kynningar- og hugarflugsfundur fyrir sunnlenska skóladaginn 2016 frá 27. apríl 2015.

5.2. Nefnd oddvita og sveitarstjóra í Árneshöfði frá 30. apríl 2015.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:23

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)